

Starfsreglur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíða bs.

Bláskógabyggðar, Flóahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps, og Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Umboð og skipan stjórnar

1. gr.

Stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíða bs. er skipuð af sveitarfélögunum sem eru aðilar að byggðasamlagi um Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíða. Stjórn fer í umboði viðkomandi sveitarstjórna með yfirstjórn skóla- og velferðarþjónustunnar eins og nánar er kveðið á um í stofnsamningi byggðasamlagsins og starfsreglum þessum.

2. gr.

Stjórn byggðasamlagsins er skipuð fimm aðalfulltrúum og jafn mörgum til vara þar sem einn fulltrúi kemur frá hverju sveitarfélagi. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kjörtímabil sveitarstjórna. Hver sveitarstjórn skal tilnefna fulltrúa í upphafi kjörtímabils og annan til vara. Kjörgengir til setu í stjórn byggðasamlagsins eru oddvitar, framkvæmdastjórnar og staðgenglar þeirra í aðildarsveitarfélögum. Stjórnarmenn fara með jafnt atkvæðavægi. Stjórn skiptir sjálf með sér verkum.

Starfshættir

3. gr.

Í upphafi kjörtímabils skal stjórn koma sér saman um fundarstað og tíma en heimilt er að funda á starfssvæði byggðasamlagsins og á fjarfundi. Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og að jafnaði ársfjórðungslega. Heimilt er að fella niður fundi á sumarleyfistíma. Fund skal halda ef meirihluti stjórnarmanna óskar þess. Forstöðumaður byggðasamlagsins, situr að jafnaði fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Deildarstjóri skólaþjónustu og deildarstjóri velferðarþjónustu eru boðaðir til funda þar sem til umfjöllunar eru mál er undir þá heyrir.

4. gr.

Stjórnarfundur byggðasamlagsins er lögmættur þegar meirihluti stjórnarmanna er mættur til fundar.

Forstöðumaður sér um boðun funda í samráði við formann stjórnar sem stýrir þeim. Fundarboð skulu vera rafræn og berast aðal- og varamönnum að jafnaði tveimur dögum fyrir fund. Dagskrá og afrit þeirra erinda sem verða til afgreiðslu skulu fylgja fundarboði. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar stjórnar getur fyrirvari um fundarboð verið skemmri.

Stjórn getur enga samninga undirritað, samþykkt eða ályktun gert nema fundur sé löglega boðaður og fundarmenn nái sameiginlegri niðurstöðu.

Stjórn veitir prókúrumboð fyrir félagið.

Stjórn byggðasamlagsins getur ekki skuldbundið aðildarsveitarfélögin umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun byggðasamlagsins án þess að fyrir liggi staðfesting frá aðalfundi, aukafundi eða öllum sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna, eftir atvikum og eðli máls.

Stjórn byggðasamlagsins er heimilt að gera samning við aðra aðila en aðildarsveitarfélögin um framkvæmd einstakra þátta þjónustunnar, m.a. við einkaaðila enda samræmist þeir samningar lögum um þjónustuna, sveitarstjórnarlögum og rúmist innan fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins.

Stjórn hefur umboð til að ákvarða um almenna starfsemi byggðasamlagsins og aðlögun hennar að breyttum aðstæðum, t.d. við lagabreytingar, enda rúmist þær innan ramma fjárhagsáætlunar hverju sinni.

Að öðru leyti gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga um störf stjórnar byggðasamlagsins eftir því sem við getur átt.

5. gr.

Rita skal fundargerðir stjórnar í samræmi við ákv. 2. mgr. 19. gr. laga 138/2011 og leiðbeiningar ráðherra þar um. Afrit fundargerða skulu birtar á heimasíðu byggðasamlagsins og sendar aðildarsveitarfélögum til kynningar innan 7 daga frá fundi.

6. gr.

Stjórnamenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir stjórnina og ætla má að eigi leynt að fara samkvæmt eðli máls og/eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

7. gr.

Stjórnin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna skuli fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa og starfsmanna sameiginlegs skóla- og velferðarþjónustusvæðis sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í stjórninni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er í sínum eigin eða einstakra hópa.

8. gr.

Stjórnarfulltrúi skal víkja af fundi og kalla til varamann sinn tengist hann einstaklingum eða málefnum, sem fjallað er um í stjórninni, þannig að spilt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni. Að öðru leyti er vísað til sveitarstjórnarlaga varðandi hæfi kjörinna fulltrúa.

Markmið og hlutverk stjórnar

9. gr.

Stjórnin skal vinna að því markmiði að efla samstarf milli sveitarfélaganna á svæðinu og nýta tækifæri til að samþætta sérfræðiþjónustu fyrir skóla- og velferðarþjónustuna með það að markmiði að minnka faglega einangrun starfsmanna og að starfið sé í anda laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Með þessu verði skapað teymi starfsmanna sem samstíga vinnur að því þverfaglega að efla og bæta þjónustu við nemendur, starfsfólk skóla og aðra íbúa á svæðinu.

Rekstrarhlutverk stjórnar er eftirfarandi:

- gegnir hlutverki yfirstjórnar skóla- og velferðarþjónustunnar og ber ábyrgð á rekstri hennar.
- ræður forstöðumann og veitir lausn frá störfum. Stjórn ákvarðar launakjör forstöðumanns og samþykkir starfslýsingar forstöðumanns, deildarstjóra skólaþjónustu og deildarstjóra velferðarþjónustu.
- gerir fjárhagsáætlun fyrir byggðasamlagið að fenginni tillögu forstöðumanns og leggur fyrir aðalfund til samþykktar.

- fylgist með að rekstur byggðasamlagsins sé í samræmi við fjárhagsáætlun.
- undirbýr aðal- og aukafundi byggðasamlagsins í samræmi við stofnsamning byggðasamlagsins.
- staðfestir ársreikning byggðasamlagsins fyrir ár hvert.
- sendir fullgerðan ársreikning, staðfestan af stjórn og áritaðan af endurskoðanda, til allra aðildarsveitarfélaga fyrir 1. apríl ár hver.
- getur, sé eftir því óskað, kveðið upp úr um ágreiningsmál sem kunna að koma upp í aðildarsveitarfélögunum og varða framkvæmd stofnsamnings um Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Verkefni stjórnar á sviði skólamála eru:

- Að tryggja góða framkvæmd skólaþjónustu á svæðinu samkvæmt lögum og reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga, ef frá eru talin verkefni skólanefnda sveitarstjórna sbr. 4. gr. og 6. gr. leik- og grunnskólalaga.
- Við framkvæmd skólaþjónustu er lögð áhersla á eftirfarandi sbr. ákvæði reglugerðar þar um:
 - forvarnarstarf til að stuðla markvisst að velferð nemenda,
 - snemmtækt mat á stöðu nemenda og ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda með áherslu á að nemendur fái kennslu og stuðning við hæfi í skólum án aðgreiningar,
 - að skólaþjónusta mótist af heildarsýn á aðstæður og hagsmuni nemenda, óháð starfsstéttum sérfræðinga og hver veitir þjónustuna,
 - að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti í leik- og grunnskólum og starfsfólk þeirra,
 - stuðning við foreldra með ráðgjöf og fræðslu,
 - viðeigandi tülkaþjónustu til að tryggja að upplýsingar/ráðgjöf nýtist foreldrum og nemendum,
 - góð tengsl leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla með samfellu og heildarsýn í skólastarfi að leiðarljósi.

10. gr.

Verkefni stjórnar á sviði velferðarmála eru:

- að fara með lögbundið hlutverk félagsmálanefndar skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991
- fara með yfirstjórn barnaverndarþjónustu skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
- móta stefnu og framkvæmdaáætlun fyrir aðildarsveitarfélögin á sviði barnaverndar skv. 1. mgr. 9. gr. barnaverndarlaga. Framkvæmdaáætlunin skal send aðildarsveitarstjórnnum til staðfestingar og í framhaldinu send því ráðuneyti sem fer með yfirstjórn málaflokksins, Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála og Barna- og fjölskyldustofu.
- málefni tengd félagslegri ráðgjöf samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- málefni tengd fjárhagsaðstoð samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- málefni aldraðra, þar á meðal félagsleg heimaþjónusta, samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni aldraðra.
- málefni barna og ungmenna samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga samkvæmt barnaverndarlögum, barnalögum, lögræðislögum og ættleiðingarlögum.
- málefni fatlaðra samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

- málefni tengd félagslegri heimaþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- málefni dagforeldra samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga
- húsnæðismál samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga
- málefni áfengissjúkra og vímuefnavarnir samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- málefni atvinnulausra samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Samþykkt á aukaaðalfundi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. þann 18. júní 2026.

Því til staðfestingar undirritar stjórn byggðasamlagsins starfsreglur þessar.

Árnessýsla 18. júní 2026